



FUNDARGERÐ

282. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn í fundarsal HEF að Einhleypingi 1, Fellabæ
fimmtudaginn 13. ágúst 2020 kl. 15:00.

Mætt eru: Gunnar Jónsson, Ágústa Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, Helga Hreinsdóttir varamaður og Aðalsteinn Þórhallsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum var fjarverandi Björg Björnsdóttir.

Dagskrá:

1. Covid - 19
2. Heimsóknir HEF til Djúpavogs, Seyðisfjarðar og Borgarfjarðar eystri - samantekt
3. Fljótaldalshérað ljóstengt
 - a. Fell, áfangi A – niðurstaða verðkönnunar fyrir blástur
 - b. Fornleifaskráning - staðan
 - c. Verkefnisstjóri
 - d. Deilihönnuður
4. Fjármál
 - a. Staða áætlunar, 6 mán.
5. Mál fyrrum framkvæmdastjóra
6. Útfærsla yfirfærslu veitna til HEF í sameinuðu sveitarfélagi
7. Yfirlit verkefna
 - a. Útrás í Lagarfljót
 - b. Tjarnarbraut – regnvatn
 - c. Selás - endurnýjun
 - d. Hafrafell
 - e. Grásteinn
 - f. Kalt Urriðavatn – nýjir hraðabreytar við dælur
 - g. Gönguleið VÖK-heitavatnstankur-VÖK
 - h. Kalt vatn í Mýnes?
 - i. Hjallaskógur – veitur þangað?
8. Önnur mál

Gunnar Jónsson, formaður, stýrði fundi.

1. Covid-19

Engin röskun hefur verið hjá starfsfólki eða á starfsemi. Allir halda vöku sinni, aukin áhersla hefur verið lögð á þrif og sóttthreinsun sameiginlegra snertiflata á skrifstofu og verður svo eitthvað áfram.

2. Heimsóknir HEF til Djúpavogs, Seyðisfjarðar og Borgarfjarðar eystri - samantekt

Samantekt er í vinnslu – drög kynnt á fundinum.

3. Fljótsdalshérað ljóstengt

a. Fell, áfangi A – niðurstaða verðkönnunar fyrir blástur

HEF kallaði eftir verðum frá völdum verktökum í blástur og tengingar ljósleiðara í Fell, frá Fellabæ að Birnufelli. Tilboð bárust frá 3 aðilum, Austurljósi, 2,75Mkr., Rafey 2,82Mkr. og Telneti 4,99Mkr. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningum um verkið.

b. Fornleifaskráning - staðan

Fornleifaskráning fyrir Eiðaðinghá er komin til Minjastofnunar til umsagnar og afgreiðslu. Skriðdalur og Efri Jökuldalur fara langt í næstu viku og verða sendir Minjastofnun í kjölfarið.

c. Verkefnisstjóri ljósleiðara

Framkvæmdastjóra falið að setja málið í ferli, leita hagstæðasta verðs hjá tiltækum ráðgjöfum.

d. Deilihönnuður ljósleiðara

Framkvæmdastjóra falið að setja málið í ferli, leita hagstæðasta verðs hjá tiltækum ráðgjöfum.

4. Fjármál

a. Staða áætlunar, 6 mán.

Framkvæmdastjóri kynnti rauntölur fjárstreymis fyrstu 6 mánuði 2020.

5. Mál fyrrum framkvæmdastjóra

Í vinnslu hjá lögmanni HEF.

6. Útfærsla yfirlýsingar veitna til HEF í sameinuðu sveitarfélagi

KPMG vinnur að minnisblaði, til kynningar á næstu vikum fyrir stjórn HEF.

7. Yfirlit verkefna

a. Útrás í Lagarfljót

Verktaki undirbýr lögna út í Lagarfljót, lögna á landi að verða frágengin.

b. Tjarnarbraut – regnvatn

Verki lokið. Skilafundur á næstu dögum.

c. Selás – endurnýjun

Íbúar fengu kynningarbréf um fyrirhugaðar framkvæmdir í lok júlí. Kynningarfundur HEF og verktaka áformaður á næstu dögum.

d. Hafrafell

Enn er beiðið þjónustu verktaka við borun undir þjóðvegi. Tengivinna í Hafrafelli nánast búin, tengivinnu við Kyndistöð ólokið.

e. Grásteinn

Í vinnslu.

f. Kalt Urriðavatn – nýjir hraðabreytar við dælur

Nýjir hraðabreytar komnir upp, tengdir og frágengnir.

g. Gönguleið VÖK-heitavatnstankur-VÖK

Framkvæmdastjóri hefur fengið kynningu á áformum grasrótahóps um gönguleiðir um uppbyggingu hringleiðar frá VÖK, upp að heitavatnstanki HEF, niður að vinnslusvæði HEF og í VÖK aftur. Lagt fram til kynningar.

h. Kalt vatn í Mýnes?

Landeigandi óskaði eftir verðútreikningi á tengingu Mýness við Köldukvíslarveitu. Kostnaður er amk. 4,5Mkr. skv. mati ráðgjafa HEF. Landeiganda skal bent á að hægt er að sækja um styrk til Matvælastofnunar til öflunar neysluvatns.

i. Hjallaskógur – veitur þangað?

Valdimar Benediktsson hefur óskað eftir og fengið hagkvæmnimat. 8-10 notendur þarf til að verkefnið geti talist raunhæft fyrir HEF.

9. Önnur mál

a. Nýr starfsmaður

Finnur Þorsteinsson hefur verið ráðinn til HEF. Hann hóf störf 1. ágúst. Stjórn HEF býður Finn velkominn til starfa.

b. Austurljós – samningur

Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir gögnum frá Austurljósi, sem beðið hefur verið eftir, svo hægt sé að vinna áfram að samningi.

c. Átak stjórnvalda í fráveituframkvæmdum

HEF hefur enn engar leiðbeiningar fengið frá Umhverfissráðuneyti um ferli styrkumsókna. Skv. upplýsingum framkvæmdastjóra frá Samorku mun reglugerð vera í smíðum hjá ráðuneytinu. Stjórn HEF lýsir þungum áhyggjum af stöðu mála. Langt er liðið á árið og hagkvæmasti framkvæmdatími ársins að verða liðinn!

d. Djúpivogur – jarðhitavirkjun

Stefnt er að endurnýjun umsóknar Hitaveitu Djúpavogshrepps til Orkusjóðs til borunar tilraunavinnsluholu á Búlandsnesi, skammt frá þéttbýlinu á Djúpavogi. Jarðfræðistofan Stapi er með málið í vinnslu.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.
Fundargerð yfirfarin og fundi slitið kl. 17:20.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir

Fundargerð staðfest, _____ 2020

_____	_____
_____	_____
_____	_____